

krafa hans um missiris eða annan nægilegan frest til að útvega nýjar sannanir í málinu, en aptur á móti veitist honum hálfsmánaðar frestur til að koma fram með málsútlitun sína og rjettarkröfur um aðalefni málsins.

Nr. 27/1880.

Hið opinbera.

gegn.

Sigurði Tómassyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Nordur-Múlasýslu 16. apríl þ. á., er Sigurður Tómasson, þá á Hánefsstaðaeyri í Seyðisfirði, dæmdur fyrir óleyfilega lausamennsku í 20 kr. sekt, og til að greiða eitt hundr- að á landsvísu, sem borgist í peningum eptir gildandi verðlagsskrár meðalverði, og eiga gjöld þessi að skiptast til helminga milli fátækra sjóðs Seyðisfjarðarhrepps og hreppstjórans í tjeðum hreppi, svo er hinn kærði og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað; en þessum dómi er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn kærði, sem er 26 ára að aldri og ættaður af Álptanesi, fór austur á Seyðisfjörð árið 1876, og var þar í 2 ár vinnumaður hjá sama bónda, en árið 1878 ætlaði þessi bóndi að flytja sig til Vesturheims og seldi þá hús sitt; varð hinn kærði þá vistlaus um vorið, en fór um haustið, 4. októbr. í aðra vist. Í þeirri vist var hann til vinnuhjúaskildaga vorið eptir, eða 14. maí 1879, en fór þá ekki í neina vist, heldur var sjálfsín um sumarið, og hjelt út báti til sjóróðra, rjedi á hann háseta, og sá sjer og mönnum sínum fyrir hús- næði og kosti; en 12. október um haustið fór hann

aptur í vist hjá fyrri húsbónda sínum með þeim kjörum, að hann væri þar til næsta vinnuhjúaskildaga og fengi ekkert kaup, en mætti ríða síldarnet fyrir sjálfan sig, þegar ekkert væri að gjöra. Hinum kærða verður að vísu ekki gefin sök á því, þó hann væri vistlaus frá 14. maí til 4. október 1878, með því að það orsakaðist af því, að húsbóndi hans seldi hús sitt og ætlaði af landi burt, en hins vegar hefur hann brotið á móti tilskipun 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn með því að vera vistlaus á tímabilinu frá 14. maí til 12. október 1879, án þess að hafa leyst sig undan vistarskyldunni með því að kaupa leyfisbrjef. Hegning sú, sem hinn kærði á þennan hátt hefur bakað sjer, virðist hæfilega metin eptir 10. gr. í nefndri tilskipun 20 kr. sekt, og greiði hann að auki eins mikið og lúka á fyrir leyfisbrjef eptir 2. grein tilskipunarinnar eða 1 hundrad á landsvísu í peningum eptir verðlagsskrár aðalmeðalverði, og rennur helmingur gjalda þessara í hlutaðeigandi fátækra sjóð, en hinn helmingurinn til hreppstjórans. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Sigurður Tómasson, á að greiða 20 króna sekt og lúka 1 hundradi á landsvísu með peningum eptir verðlagsskrár aðalmeðalverði, og rennur helmingurinn af gjöldum þessum í hlutaðeigandi fátækra sjóð, en helminginn fái hreppstjóri. Svo greiði hinn kærði og allan af máli þessu lög-

lega leiðandi kostnað, þar á meðal í málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, landshöfðingjaritara Jóns Jónssonar og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 28/1880.

Hið opinbera
gegn

Þorsteini Vigfússyni.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Norður-Múlasýslu 16. apríl þ.á., er Þorsteinn Vigfússon, þá á Skálanesi í Seyðisfirði, dæmdur fyrir ólöglega lausamennsku í 20 kr. sekt og til að greiða eitt hundrað á laundsvísu í peningum eptir gildandi verðlagsskár meðalverði, og eiga gjöld þessi að skiptast til helminga milli fátækra sjóðs Seyðisfjarðarhrepps og hreppstjórans í tjeðum hreppi; svo er hinn kærði og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað; en þessum dómi er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn kærði, sem er 29 ára að aldri, kom um sumarið 1877 austur á Seyðisfjörð úr Árnessýslu og var þar í vist í 2 ár, en á vinnuhjúaskildaga 1879 varð hann vistlaus og var sjálfs sín það vistarár, og hafði ofanaf fyrir sjer sumpart með sjóróðrum, sumpart með því að segja til börnum. Á hinn bóginn er það sannað undir rekstri málsins, að hinn kærði sje mjög svo heilsulítill og þoli enga stritvinnu; þannig hefur hlutaðeigandi læknir vottað, að hann vegna heilsulasleika eigi geti haft þunga vinnu eða vosbúð, og hið sama hafa ýms vitni borið, sem leidd voru í málinu, og síðara árið, sem hann var í vist í Seyðisfirði, varð